

Fundargerð stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks haldinn þann 18. janúar 2018, kl 12.00. Fundurinn var haldinn í síma.

Mætt voru Andrea K Jónsdóttir, formaður, Daníel Jakobsson, Gísli Halldór Halldórsson, Indriði Indriðason og Pétur G Markan. Auk þeirra sátu fundinn þau Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og Sif Huld Albertsdóttir, verkefnastjóri. Formaður kynnti að Ingibjörg Birna Erlingsdóttir hefði boðað forföll í hennar stað sæti fundinn Daníel Jakobsson.

Formaður kynnti að á dagskrá fundarins væri tvö mál, kynning á samburði á áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á skiptingu framlaga til BsVest með eða án aðildar Ísafjarðarbæjar miðað við árið 2018.

Gengið til dagskrá.

Fundargerð stjórnarfundar 20. desember 2017 lögð fram til staðfestingar en hún hafði áður verið kynnt í tölvupósti. Formaður gerði tillögu um staðfestingu fundargerðar. *Tillagan samþykkt.*

Verkefnastjóri kynnti að í samskiptum við Jöfnunarsjóð í tengslum við vinnu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2018, hafi Jöfnunarsjóður óskað eftir að ræða áhrif á BsVest af tillögu Ísafjarðarbæjar um úrsögn úr BsVest. Boðað var til símafundar þann 11. janúar s.l. með formanni BsVest, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og starfsmanna BsVest. Niðurstaða þess fundar var að ef þess yrði óskað að hálfu BsVest, þá væri Jöfnunarsjóður tilbúinn að leggja mat á framlög til þjónustuvæðis BsVest fyrir árið 2018 ef Ísafjarðarbær tekur einn við sinni þjónustu, en BsVest héldist óbreytt að öðru leiti. Að hálfu BsVest og Ísafjarðarbæjar var samþykkt að leggja fram slíka beiðni.

Lögð fram til kynningar útreikningar Jöfnunarsjóðs samkvæmt framansögðu, niðurstaða Jöfnunarsjóðs er sem hér segir.

Við núverandi aðstæður eru áætlaðar greiðslur til BsVest 401,1 m.kr. árið 2018, tafla 1. Segi Ísafjarðarbær sig úr BsVest er áætlað að 282,3 m.kr. renni til Ísafjarðarbæjar og 117,1 m.kr. til BsVest, samanlagt 399,4 m.kr., tafla 2. Mismunur á núverandi áætlun og þeirri sem reiknað er fyrir hér stafar af lægri greiðslu vegna innviða vegna fækkunar sveitarfélaga sem heyra undir BsVest.

Verkefnastjóri kynnti nánar sundurliðun framlaga og svaraði fyrirspurnum.

Formaður gerði tillögu um að útreikningar Jöfnunarsjóðs væri vísað til umfjöllunar fundar framkvæmdastjóra og oddvita aðildarsveitarfélaga BsVest sem haldinn verði undir lok janúar. *Tillagan samþykkt.*

Formaður gaf orðið laust um önnur mál.

Indriði, spurði um stöðu í vinnu að endurskoðun fjárhagsáætlunar. Verkefnastjóri kynnti að vinnu að áætluninni væri því sem næst lokið og yrði henni skilað fyrir lok vikunnar. Áætlunin yrði lögð fyrir fund framkvæmdastjóra og oddvita aðildarsveitarfélaga BsVest, í samræmi við samþykkt fundar stjórnar 20. desember s.l..

Framkvæmdastjóri óskaði eftir að stjórn tæki fyrir á næsta fundi ákvörðun um dagssetningu ársfundar fyrir árið 2017.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12.30.